



2. maí 2024
Tilv.: 2312001

Dreifibréf nr.: 14/2024

Til lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Efni: Drög að leiðbeinandi tilmælum um innihald einfaldra endurbótaáætlana

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 2/2024 sem inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um innihald einfaldra endurbótaáætlana. Tilmælin verða gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Drögin eru byggð á nógildandi leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2020 um innihald einfaldra endurbótaáætlana sem gefin voru út í apríl 2020. Markmið þeirra var að útfæra nánar skyldur minni fjármálafyrirtækja við gerð einfaldra endurbótaáætlana samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þágildandi reglugerð nr. 50/2019 um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra. Í drögunum eru lagðar til breytingar á efni leiðbeinandi tilmæla nr. 2/2020. Þessar breytingartillögur leiða af efnislegum breytingum sem gerðar hafa verið á regluhverfi endurbótaáætlana, sem leiða einkum af breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki, brottfalli fyrrnefndrar reglugerðar nr. 50/2019, sem leyst var af hólmi þegar framseld reglugerð (ESB) 2016/1075 var innleidd með reglum nr. 666/2021 og þáttur A í viðauka tilskipunar 2014/59/ESB var innleiddur með reglugerð nr. 780/2021, og reynslu Seðlabankans við yfirferð einfaldra endurbótaáætlana síðastliðin ár. Einnig eru lagðar til breytingar til samræmis við efni viðmiðunarreglna um heildargetu til endurbóta (EBA/GL/2023/06) sem Seðlabankinn tók upp í nóvember 2023. Að lokum er lagt til að uppfæra tilvísanir til réttarheimilda.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Umræðuskjalið og þetta dreifibréf eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>. Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við umræðuskjalinu berist eigi síðar en 17. maí nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á framangreindri vefslóð. Umsagnareyðublað skal senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Kristín Logadóttir
forstöðumaður
varúðareftirlit

Fullgild rafræn undirskrift

Gísli Sigurbjörn Óttarsson

02.05.2024 9:40

Fullgild rafræn undirskrift

Kristín Þorbjörg Logadóttir

02.05.2024 9:47